



# Vörn gegn vatnstjóni

Vatnstjón er ein algengasta orsök tjóna á heimilum hér á landi. Hér höfum við nokkur ráð til að reyna að koma í veg fyrir slík tjón á heimilinu. Fyrstu viðbrögð skipta miklu máli við að lágmarka það tjón sem kann að verða hverju sinni.



**SJÓVÁ**

# Nokkrir punktar

- › Gott er að venja sig á að hafa þvottavélar og þurrkara **ekki** í gangi þegar enginn er heima. Sama á við um uppþvottavélar.
- › Veist þú hvar vatnsinntakið er í húsinu? Hægt er að fá merkingar hjá Sjóvá. Við mælum með að hafa heita og kalda vatnið merkt þannig að auðvelt sé að skrúfa fyrir ef til tjóns kemur.
- › Mikilvægt er að setja öryggisfestingar á þvottavélar sem standa ekki á gólfi.
- › Ef farið er í langt frí mælum við með að skrúfa fyrir vatnið í uppþvottavélina og þvottavélina.
- › Vissirðu að hægt er að tengja vatnsskynjara við öryggiskerfi hússins? Mælt er með því að hafa vatnsskynjara í votrymum, sér í lagi ef ekki er niðurfall í gólfi.
- › Fylgjumst vel með þar sem vatnslagnir eru. Lagnaefni hefur ákveðinn endingartíma. Gott er að venja sig á að fylgjast til dæmis með vatn-tengdum ísskápum.
- › Dæmi um einkenni leka:
  - › Málning eða klæðning bólgnar á veggjum
  - › Áferð gólfefnis breytist og bólgnar

# Almenn umhirða

- › Munum eftir að láta lofta vel um húsnæði. Mikilvægt er að opna glugga reglulega.
- › Fylgjumst vel með fúgum á milli flísa og þéttingum við sturtubotna og baðkör. Þéttingar þarf að endurnýja reglulega.
- › Hreinsa þarf reglulega öryggisniðurföll á baðherbergjum, í þvottahúsum og niðurföll í sturtuklefum.
- › Algengt er að lagnir tærast í sundur vegna utanaðkomandi raka. Þess vegna er mikilvægt að fylgjast vel með sprungum í útveggjum og frágangi við glugga og hurðir.
- › Hreinsum niðurföll utandyra svo þau stíflist ekki. Þetta á sérstaklega við á haustin og vorin.



# Viðbrögð við vatnstjóni

- › Lokið strax fyrir vatnsinntak.
- › Gætið fyllstu varúðar þar sem heitt vatn flæðir.
- › Hringið í 112 ef þið ráðið ekki við aðstæður eða teljið að hætta sé á ferðum.
- › Hafið strax samband við okkur til að lágmarka tjón og láta meta skaðann. Tjónavakt Sjóvá er með síma 800 7112 og aðstoðar í neyðartilfellum.
- › Við mælum ávallt með að lagnavinna sé unnin af fagmönnum.

